

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 6. október 2025 kl. 13:00 var haldinn 369. fundur (aukafundur) í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, í fjarveru Skúla Þórs Helgasonar, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson og Valgarður Lyngdal Jónsson. Guðveig Eyglóardóttir var fjarverandi.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri gerði grein fyrir því að framkvæmdastjóri Ljósleiðarans hafi af persónulegum ástæðum óskað eftir að láta af störfum, en muni starfa þar til nýr aðili hefur verið ráðinn í hans stað.
2. Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála lagði að nýju fram fjárhagsspá Orkuveitunnar 2026-2030 ásamt greinargerð, með óverulegri breytingu á greinargerð frá þeirri útgáfu sem kynnt var ítarlega á 368 fundi stjórnar þann 29. september 2029. Umræður.

Áætlunin borin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:20.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. október 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson.